

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 08.06.2018

Fundargerð nýkjörinnar sveitarstjórnar Skagabyggðar 8. júní 2018, haldinn í Skagabúð kl. 17:00

Mætt: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Magnús Guðmannsson setur fundinn. Dagný Rósa Úlfarsdóttir ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning oddvita
2. Kosning varaoddvita
3. Kosning ritara
4. Skipan í nefndir
5. Laun starfsmanna sveitarfélagsins
6. Önnur mál

1. Kosning oddvita

Magnús Guðmannsson stingur uppá að Dagný Rósa Úlfarsdóttir verði næsti oddviti og er það samþykkt með öllum atkvæðum.

Oddviti tók við og stjórnaði fundi.

2. Kosning varaoddvita

Stungið er upp á að Magnús Björnsson sinni því og er hann kjörinn varaoddviti með öllum greiddum atkvæðum.

3. Kosning ritara

Stungið er uppá að Karen Helga Steinsdóttir gegni því embætti og er hún kjörin ritari með öllum greiddum atkvæðum.

4. Skipan í nefndir:

Fræðslunefnd Höfðaskóla:

Aðalmaður: Kolbrún Ágústa Guðnadóttir

Varamaður: Kristján Heiðmar Kristjánsson

Skipulags- og byggingarnefnd:

Aðalmenn: Magnús Björnsson, Linda Björk Ævarsdóttir, Rafn Sigurbjörnsson

Varamenn: Bragi Kárason, Kolbrún Ágústa Guðnadóttir, Baldvin Sveinsson

Kjörstjórn:

Aðalmenn: Bjarney Jónsdóttir, Erna Högnadóttir, Guðjón Ingimarsson

Varamenn: Gunnur Gísladóttir, Sólveig Róarsdóttir, Kristján Heiðmar Kristjánsson

Fulltrúar á SSNV þing:

Aðalmenn: Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Magnús Björnsson

Varamenn: Kristján Steinar Kristjánsson og Karen Helga Steinsdóttir

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 08.06.2018

Fulltrúi á fund Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Aðalmaður: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Varamaður: Magnús Björnsson

Jafnréttisnefnd:

Aðalmenn: Linda Björk Ævarsdóttir, Jens Jónsson, Erla Jónsdóttir

Varamaður: Magnús Björnsson

Byggðasamlag búfjárefirlits og fjallskilaneftnda:

Aðalmaður: Baldvin Sveinsson

Varamaður: Magnús Guðmannsson

Byggðasamlag um Tónlistarskóla A-Hún:

Aðalmaður: Karen Helga Steinsdóttir

Varamaður: Magnús Guðmannsson

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún:

Aðalmaður: Magnús Björnsson

Varamaður: Kristján Steinar Kristjánsson

Byggðasamlag um Félags- og skólaþjónustu A-Hún:

Aðalmaður: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Varamaður: Karen Helga Steinsdóttir

Fjallskilaneftnd:

Aðalmenn: Baldvin Sveinsson, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Guðjón Ingimarsson, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu:

Aðalmenn: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson, Karen Helga Steinsdóttir

Kosning í öll embætti gildir til fjögurra ára.

5. Laun starfsmanna sveitarfélagsins

Laun kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa fyrir setinn fund verða 2,4% af þingfararkaupi

Laun kjörinna nefndarmanna fyrir setinn fund verða 1,2 % af þingfararkaupi

Laun formanna nefnda verða fyrir setinn fund 2,4 % af þingfararkaupi

Laun kjörstjórnar verða tvöföld nefndarlaun á kjördegi.

Greitt er fyrir akstur samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturs- og ferðakostnað á hverjum tíma.

Ákvarðanatöku um laun oddvita frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál

-Skýrsla kjörstjórnar vegna kjörfundar:

Kjörfundur var í Skagabúð laugardaginn 26. maí 2018, kl. 12:00-17:10.

Á kjörskrá voru 68. Á kjörstað kusu 39 og það voru 9 utankjörfundaratkvæði, alls 48 sem kusu. Það gerir 71% kosningaþátttöku, sem er aukning frá 2014 en þá var þátttakan 63%.

Það voru 2 auðir seðlar og enginn ógildur. Tveir sem höfðu skorast undan endurkjöri fengu sitt hvort atkvæðið til aðalmanns og voru þau dæmd ógild.

Aðalmenn í sveitarstjórn Skagabyggðar 2018-2022 eru:

Dagný Rósa Úlfarsdóttir 34 atkvæði

Magnús Jóhann Björnsson 32 atkvæði

Kristján Steinar Kristjánsson 15 atkvæði

Karen Helga R. Steinsdóttir 14 atkvæði

Magnús Bergmann Guðmannsson 13 atkvæði

Varpa þurfti hlutkesti milli Magnúsar og Lindu Bjarkar um 5 sætið.

Varamenn eru í þessari röð:

1. Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir 15 atkvæði í 1.sæti + aðalmaður
2. Linda Björk Ævarsdóttir 14 atkvæði í 1.-2.sæti + aðalmaður
3. Baldvin Sveinsson 15 atkvæði í 1.-3. sæti + aðalmaður
4. Elín Anna Rafnsdóttir 15 atkvæði í 1.-4. sæti + aðalmaður
5. Erla Jónsdóttir 17 atkvæði í 1.-5. sæti + aðalmaður

Varpa þurfti hlutkesti á milli Elínar og Erlu um 4.sætið.

-Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðir sækir um framkvæmdaleyfi til Skagabyggðar vegna efnistöku úr Kaldrananámu (18082) og Tjarnarnámu (18080). Áætlað að vinna 6000 m³ úr Kaldrananámu og taka 2000 m³ úr Tjarnarnámu til blöndunar. Óskað er eftir úrskurði sveitarfélagsins um hvort framkvæmdin sé matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn telur að framkvæmdin sé ekki matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Oddvita falið að svara bréfinu og gefa út framkvæmdaleyfi

-Kálfshamarsvík

Fyrir liggja gögn frá Landslagi teiknistofu um deiliskipulag Kálfshamarsvíkur.

Skipulagslýsingu er vísað til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd.

-tófuveiðar og grenjavinnsla

Rætt um greiðslu fyrir leit / grenjavinnslu, þannig að greitt verði fyrir leitina sjálfa en ekki eingöngu unnin dýr á greni. Skoða fyrir næsta fund breytingar á greiðslukerfi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Dagný Rósa Úlfarsdóttir (sign.)

Magnús Björnsson (sign.)

Kristján Steinar Kristjánsson (sign.)

Karen Helga Steinsdóttir (sign.)

Magnús Guðmannsson (sign.)